



## Fundargerð Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar

01.06.2017-217. fundur

haldinn í Kjarna fimmtudaginn 1. júní 2017 kl. 13:00

### **Fundinn sátu:**

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Árni Pétur Hilmarsson, Heiða Guðmundsdóttir, Ragnar Bjarnason og Sigurður

Hlynur Snæbjörnsson.

Að auki sat fundinn Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund. Hann óskaði eftir að bæta á dagskrá undir 9. lið; Aðalfundarboð Dvalarheimilis aldraðra sf.

*Samþykkt samhljóða.*

### **Dagskrá:**

1. Aðalfundarboð Greiðrar leiðar ehf.
2. Fundargerð Brunavarnarnefndar frá 16.05. 2017
3. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 24.05.2017
4. Fundargerð Fræðslunefndar frá 29.05.2017
5. Leigufélag Hvamms ehf.
6. Rekstrarleyfi – Garður
7. Rekstrarleyfi – Landamót
8. Rekstrarleyfi – Hamrar
9. Aðalfundarboð Dvalarheimilis aldraðra sf.

### **a. Til kynningar:**

- b. Fundargerð 850. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga
- c. Fundargerð 295. fundar stjórnar Eypings
- d. Fundargerð aðalfundar Menningarmiðstöðvar Þingeyinga frá 3.05.2017
- e. Fundargerð stjórnar DA frá 23.05.2017
- f. Fundargerð stjórnar Leigufélags Hvamms ehf. frá 23.05.2017

### **1. Aðalfundarboð Greiðrar leiðar ehf.**

Aðalfundarboð Greiðrar leiðar ehf. var afgreitt í tölvupósti milli funda þar sem Margréti Bjarnadóttur var veitt umboð Þingeyjarsveitar á aðalfundinum sem haldinn var 29. maí s.l.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðsluna.*

### **2.Fundargerð Brunavarnarnefndar frá 16.05.2017**

Lögð fram fundargerð Brunavarnarnefndar Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar frá 16. maí s.l. Arnór gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í fjórum liðum.

*Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina fyrir sitt leyti.*

### **3.Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 24.05.2017**

Lögð fram fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 24. maí sl. Ásvaldur gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í fjórum liðum.

**1. liður** fundargerðar; Umhverfi Goðafoss, breytingar á deiliskipulagi. *Sveitarstjórn samþykkir tillöguna að breytingu á deiliskipulagi með þeirri breytingu sem fram kemur í svörum nefndarinnar og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að annast gildistöku tillögunnar eins og skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um.*

**3. liður** fundargerðar; Laugar, vatnsveita, umsókn um framkvæmdaleyfi. *Sveitarstjórn samþykkir umsóknina og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfið í samræmi við reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi og 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

**4. liður** fundargerðar; Þóroddsstaður, umsókn um stofnun lóða.

*Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að stofna lóðirnar í Fasteignaskrá.*

*Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leyti.*

### **4. Fundargerð Fræðslunefndar frá 29.05.2017**

Lögð fram fundargerð Fræðslunefndar frá 29. maí s.l. Margrét gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í fimm liðum.

*Varðandi 1. lið fundargerðar þá verður breyting á stjórnunarfyrirkomulagi í Stórutjarnaskóla, aðstoðarskólastjóri mun láta af störfum og frá og með næsta skólaári verður ekki starfandi aðstoðarskólastjóri en þess í stað verða ráðnir tveir verkefnastjórnar. Sveitarstjórn þakkar Þórhalli Bragasyni fyrir vel unnin störf.*

*Varðandi 3. lið fundargerðar, samþykkir sveitarstjórn tillögu Fræðslunefndar um að bætt verði við starfsmanni við leikskólann Tjarnaskjól vegna inntöku yngra barna.*

*Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leyti.*

### **5. Leigufélag Hvamms ehf.**

Fyrir fundinum liggur hluthafasamkomulag í Leigufélagi Hvamms ehf., ákvörðun um sölu hlutafjár í félaginu og viðauki við húsaleigusamninga um forkaupsrétt leigutaka að Útgarði 4 á Húsavík.

*Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi hluthafasamkomulag og viðauka við húsaleigusamninga um forkaupsrétt leigutaka.*

### **6.Rekstrarleyfi – Garður**

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 19. maí s.l. þar sem Guðmundur Skarphéðinsson sækir um rekstrarleyfi, flokkur II – gististaður án veitinga, í Garði í Þingeyjarsveit.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við veitt rekstrarleyfi með fyrirvara um að jákvæðar umsagnir berist frá skipulags- og byggingarfulltrúa og heilbrigðis- og eldvarnarefirlitinu sbr. b-lið 7. gr. laga nr. 67/2016, um breytingu á lögum nr. 85/2007.*

### **7.Rekstrarleyfi – Landamót**

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 19. maí s.l. þar sem Kristbjörg Ingólfsdóttir sækir um rekstrarleyfi, flokkur II – gististaður án veitinga, á Landamóti í Þingeyjarsveit.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við veitt rekstrarleyfi með fyrirvara um að jákvæðar umsagnir berist frá skipulags- og byggingarfulltrúa og heilbrigðis- og eldvarnarefirlitinu sbr. b-lið 7. gr. laga nr. 67/2016, um breytingu á lögum nr. 85/2007.*

### **8.Rekstrarleyfi – Hamrar**

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 24. maí s.l. þar sem Freydis Anna Arngrímsdóttir sækir um rekstrarleyfi, flokkur II – gististaður án veitinga, á Hömrum í Þingeyjarsveit.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við veitt rekstrarleyfi með fyrirvara um að jákvæðar umsagnir berist frá skipulags- og byggingarfulltrúa og heilbrigðis- og eldvarnarefirlitinu sbr. b-lið 7. gr. laga nr. 67/2016, um breytingu á lögum nr. 85/2007.*

### **9. Aðalfundar Dvalarheimilis aldraðra sf.**

Lagt fram aðalfundarboð Dvalarheimilis aldraðra sf. sem haldinn verður 14. júní n.k. í Miðhvammi á Húsavík.

*Samþykkt að Heiða Guðmundsdóttir fari með umboð Þingeyjarsveitar á fundinum.*

*Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:37*

## 17. júní hátíðarhöld á Laugum



Umf. Efling og samstarfsaðilar hvetja alla íbúa Þingeyjarsveitar og aðra nærstadda að safnast saman, gleðjast og hafa gaman í tilefni dagsins.

### Dagskrá:

- 13:00 Andlitsmálun og blöðrusala við íþróttahús  
Posi á staðnum  
Skráning á golfmót
- 13:45 Skrúðganga leggur af stað frá íþróttahúsi
- 14:00 Dagskrá á íþróttavelli  
Ávarp fjallkonu  
Hátíðarræða  
Þrautir og léttir leikir fyrir alla aldurshópa
- 14:45 Veitingasala  
Grillaðar pylsur, gos, safar og nammi til sölu  
Posi á staðnum
- 15:00 Golfmót  
14 ára aldurstakmark  
Spilaðar verða 6 holur  
Þátttökugjald 500 kr.
- 15:30 Bíósýning í Þróttó í boði Framhaldsskólans á Laugum

23.tbl.  
7. júní  
2017  
24. árg.

# Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



## Frá Kvenfélagi Reykdæla.

### Sumarblómasala Kvenfélagsins fellur niður þetta árið.

Kvenfélag Reykdæla býður öllum íbúum 67 ára og eldri á félagssvæði sínu upp á fótsnyrtingu hjá Önnu Geirlaugu í Seiglu, Litlulaugaskóla, laugardaginn 10. júní.

Fótsnyrtingin er niðurgreidd af félaginu um 3000 kr. fyrir hvern einstakling.

Tímamantanir í síma 464 3200 eftir kl.10.00 á daginn.

Stjórnin.

## Fréttatilkynning frá FLOKKI FÓLKSINS.

Mál eldri borgara gegn íslenska ríkinu verður þingfest nú í júní segir lögmaður okkar, Jón Steinar Gunnlaugsson. Við látum ekki deigan síga og höldum áfram að berjast fyrir réttlæti - gegn valdniðslu og spillingu stjórnvalda.

ÁFRAM FLOKKUR FÓLKSSINS TIL GÓÐRA VERKA.  
ALLIR ERU VELKOMNIR Í FLOKK OKKAR -FLOKK FÓLKSINS.  
FLOKKURINN SEM BERST FYRIR BÆTTUM KJÖRUM ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.